

# SAMKOMULAG MILLI SFR OG GIGTARFÉLAGS ÍSLANDS

Gigtarfélag Íslands (GÍ) og Starfsmannafélag ríkisstofnana (SFR) gera með sér eftirfarandi samkomulag um forsendur og röðun í starfaflokka hjá Gigtarfélaginu skv. ákvæðum 11. kafla í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 25. mars 2001.

## 1. GILDISSVIÐ.

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá GÍ á gigtarmiðstöð félagsins að Ármúla 5, Reykjavík.

## 2. ALMENNAR FORSENDUR RÖÐUNAR.

Störfum skal raðað í launaramma miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess skal gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Raða skal í launaflokka innan hvers launaramma í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum og er það grunnröðun viðkomandi starfs.

## 3. GRUNNRÖÐUN STARFA Í LAUNARAMMA.

### Rammi A

Almenn störf sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra.

### Rammi B

Starfið getur falist í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna/skjólstæðinga, geta leiðbeint og stýrt starfsmönnum. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti starfsins.

Aðstoðarmaður í sjúkra- og iðjuþjálfun, 0 til 6 mán. starfsreynsla	B1
Aðstoðarmaður í sjúkra- og iðjuþjálfun, 6 mán. til 2 ára starfsreynsla	B2
Sérhæfðir aðstoðarmenn í sjúkra- og iðjuþjálfun eftir 2 ár.	B3
Almenn skrifstofustörf, 0 til 6 mán. starfsreynsla	B4
Almenn skrifstofustörf, 6 mán. til 2 ára starfsreynsla	B5
Fulltrúi á skrifstofu, eftir 2 ár.	B6

### Rammi C

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna og samhæfa starfsemi einnar eða fleiri deilda, eða umsjón verkefna og/eða málaflokka. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu og/eða stjórnun á áætlanagerð, kostnaðareftirliti eða viðvarandi verkefnastjórnun. Í starfinu getur falist að koma fram fyrir hönd stofnunar.

Bókhald, lykl., skrán., afstem., og almenn skrifst. st.	C1
Bókhald, lykl., skrán., afstem., og almenn skrifst. st.	C2
Bókhald, lykl., skrán., afstem., og almenn skrifst. st.	C3
Verkefnisstjóri á skrifstofu, 0 til 6 mán. starfsreynsla	C3
Verkefnisstjóri á skrifstofu, 6 mán. til 2 ára starfsreynsla	C4
Verkefnisstjóri á skrifstofu, eftir 2 ár.	C5

### Rammi D

Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Í starfinu felst ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

## **4. VIÐBÓTAR FORSENDUR FYRIR RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA.**

### 4.1 Starfsnám, símenntun.

Starfsmaður sem lokið hefur starfs menntun sem nýtist í starfi og er viðurkennd af samningsaðilum skal hækka um einn launaflokk miðað við grunnröðun sem hér segir.

1. Starfsmaður sem lokið hefur Rekspefi.
2. Starfsmaður sem lokið hefur 60 klst. námskeiði (námskeiðum).
3. Starfsmaður sem lokið hefur 120 klst. námskeiði (námskeiðum).

### 4.2 Starfstengdar forsendur.

Heimilt er að hækka starfsmann ef starf eða starfsmaður uppfyllir einhverja af neðangreindum forsendum:

starfið feli í sér sérstaka ábyrgð og sjálfstæði  
starfið feli í sér flókin verkefni  
starfinu fylgi kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna  
starfinu fylgi sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið  
starfsmaður sýni góðan árangur í starfi  
starfsmaður sýni hæfni til samskipta og samvinnu  
starfsmaður sýni frumkvæði í starfi

GÍ skal halda til haga skriflegum rökum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

#### 4.3 Sérákvæði.

Frá og með 1. júní 2001 fá starfsmenn í starfi hjá GÍ, innan SFR, 1 launaflokks hækkun, og einnig samkvæmt þessu ákvæði 1. launaflokk 1. júní 2003.

### **5. GILDISTÍMI OG ELDRA SAMKOMULAG**

Samkomulag þetta gildir frá og með 1. mars 2001 til og með 30. nóvember 2004. Með samkomulagi þessu fellur úr gildi fyrra samkomulag milli SFR og Gigtarfélags Íslands 28. maí 1998.

Reykjavík 21.júní 2001

F.h Starfsmannafélags ríkisstofnana

F.h Gigtarfélags Íslands

# BÓKANIR

## Bókun 1: Sumarorlof

Gigtarfélagi Íslands er heimil sumarlokun (sumarorlof) í allt að 3 vikur á tímabilinu 1. maí til 1. september ár hvert. Ákvörðun um tímasetningu skal ekki tekin nema að undangenginni könnun meðal starfsmanna um æskilegan tíma. Könnunin skal fara fram á tímabilinu 1. apríl til 1. maí ár hvert.

## Bókun 2: Jólaorlof

Gigtarfélag Íslands er heimil jólalo kun þar sem því er viðkomið á tímabilinu 24. des. til 1. jan., að báðum dögum meðtöldum. Gigtarfélagið greiðir auk áunnins orlofs á þessum tíma 2 daga, og einn dag til viðbótar þegar 24. desember og 31. desember ber upp á virkum degi sem jólaorlof. Vinni starfsmenn ekki alla virka vinnudaga (mánud. til föstud.) verða skiptin milli GÍ og orlofs starfsmanns sama hlutfall og svo væri. Aðra daga taka starfsmenn af áunnu orlofi. Fáist ekki afleysing í sjúkraþjálfun, eða nauðsyn ber að til að vinna á þessum tíma, þá er sú vinna bætt upp með sama viðbótartíma í sumarorlofi.

## Bókun 3: Yfirfærsla í nýtt launakerfi

Við yfirfærslu eldra launakerfis 1998 í nýtt launakerfi var tekið fullt tillit til þeirra ástæðna sem áður voru í gildi varðandi hækkun frá almennum launakjörum ríkisstarfsmanna, m.a. vegna ýmissa hlunninda þeirra s.s. mótuneytis, barnagæslu og betri möguleika á endurmenntun.

## Bókun 4: Starfsmannasjóður

Gigtarfélag Íslands skal greiða 10. hvers mánaðar kr. 800 í sjóð starfsmanna gigtarmiðstöðvarinnar fyrir hvern starfsmann sem þess óskar, á móti kr. 500 frá starfsmanni sjálfum. Fjármunirnir eru óafturkræfir, og eiga að notast til samveru starfsmanna og fjölskyldna utan vinnutíma.

## Bókun 5: Heimavinna

Heimavinna aðstoðarmanna við þvotta skal greidd samkv. framlögðum reikningum, sem miðast við markaðsverð. Þetta ákvæði nær ekki til þvottar á vinnufatnaði starfsfólks, þar sem þau verk féllu við yfirfærslu í nýtt launakerfi undir föst laun.

## Bókun 6: Vinnufatnaður

Starfsfólk á rétt á nýjum vinnufatnaði á 2. ára fresti.

## Bókun 7: Líkamsrækt

Starfsfólki stendur til boða að taka þátt í hóppjálfun félagsins, sér að kostnaðarlausu. Þá er það möguleiki fyrir starfsmenn GÍ að þjálfu í vinnutíma allt að þrisvar sinnum í viku, í 30 mín. samfelld í senn, ef því er viðkomið og með samþykki yfirmanns deildar hvers og eins. Þá daga sem þjálfað er lengist vinnutími um 10 mín. frá því sem áður var.

Reykjavík 21.júní 2001

F.h Starfsmannafélags ríkisstofnana  
(sign)

F.h Gigtarfélags Íslands  
(sign)

**Viðauki við  
SAMKOMULAG MILLI SFR OG GIGTARFÉLAGS ÍSLANDS  
dags. 21 júní 2001**

**1. gr.**

**4.3 Sérákvæði.**

Frá og með 1. feb. 2005 fá starfseminn í starfi hjá GÍ, innan SFR, 1 launaflokks hækkun, og einnig samkvæmt þessu ákvæði 1. launaflokk 1. maí 2006 og aftur 1 maí 2007.

**2. gr.**

**5. Gildistími.**

Samkomulag þetta gildir frá og með 1. feb. 2005 og tekur endurskoðun

Reyjavík 28. apríl 2005

F.h. Gigtarfélags Íslands

F.h. SFR – stéttarfélag í almennþjónusta